

Gátlisti til hliðsjónar við gerð og yfirferð öryggisáætlana

| | Hestaferðir | Já | Nei | Á ekki við |
|----------|--|----|-----|------------|
| 1 | Áhættumat | | | |
| 1.1 | Er áhættumat sértækt og í samræmi við leiðaval? | | | |
| 1.2 | Tekur áhættumat mið af ólíkum svæðum sem farið er um (strönd, fjallendi, gljúfur, urð, mýrlendi o.fl.) og þáttum eins og þverun straumvatna, bröttum hlíðum, giljum, lausagrjóti, skriðum, stórbýfi og öðrum varasömum þáttum í náttúru Íslands? | | | |
| 1.3 | Tekur áhættumat mið af mismunandi árstíðum, dægursveiflu (jökulár, flóð/fjara) og veðri? | | | |
| 1.4 | Tekur áhættumat mið af fjarlægð í bjargir og tíma sem tekur að fá utanaðkomandi aðstoð? | | | |
| 1.5 | Er gert ráð fyrir mismunandi getu og reynslu þátttakenda? | | | |
| 1.6 | Er áhættumat varðandi persónulegan búnað þátttakenda, sem þeir kunna að hafa meðferðis og gæti valdið smitsjúkdómahættu í hrossum? | | | |
| 1.7 | Tekur áhættumat að öðru leyti mið af sóttvörnum? | | | |
| 2 | Verklagsreglur | | | |
| | Undirbúningur ferðar og upplýsingagjöf | | | |
| 2.1 | Kveða verklagsreglur á um hvernig hugað er að hvíld hesta og að haldin skuli notkunardagbók til að tryggja að ekki verði óhóflegt álag á einstaka hesta? | | | |
| 2.2 | Kveða verklagsreglur á um hvernig fylgst skal með ástandi hesta (járningar, fótameiðsl, algengir kvillar)? | | | |
| 2.3 | Taka verklagsreglur á almennri umhirðu og fóðrun hesta, aðgang að vatni, aðstöðu í gerðum og beitarhólfum o.s.frv.? | | | |
| 2.4 | Er í verklagsreglum tekið fram hvert hæfi þátttakenda þarf að vera t.d. aldur, líkamlegt atgervi og fleira? | | | |
| 2.5 | Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir fyrirfram um hæfi og getu til ferðar? | | | |
| 2.6 | Er í verklagsreglum kveðið á um hvernig þátttakendur eiga vera búnir m.t.t. öryggis? | | | |
| 2.7 | Kemur fram í verklagsreglum hvernig þátttakendur eru upplýstir um persónulegan búnað vegna ferðarinnar? | | | |
| 2.8 | Kemur fram í verklagsreglum hvernig meðhöndla ber reiðfatnað, skó og annan persónulegan búnað þátttakenda til að koma í veg fyrir smit og útbreiðslu sjúkdóma í hrossum, sbr. lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. | | | |
| 2.9 | Er í verklagsreglum fjallað um nauðsynlegan öryggisbúnað svo sem hjálma og notkun þeirra? | | | |
| 2.10 | Er gátlisti í verklagsreglum um hagnýt atriði sem fara þarf yfir með þátttakendum við upphaf ferðar? (salernisúrræði, nestistíma, aðgengi að drykkjarföngum, varhugaverða staði, séríslenskar aðstæður o.s.frv.) | | | |
| 2.11 | Er gátlisti í verklagsreglum sem tekur á hvernig upplýsa ber þátttakendur um öryggisatriði með tilliti til hesta og hestamanna og varasamra aðstæðna í umhverfi (bratti, grýtt svæði, þjóðvegur, vatnsföll o. fl.)? | | | |
| 2.12 | Er gátlisti í verklagsreglum um það hvernig þátttakendur eru upplýstir um íslenskar aðstæður? | | | |

| | | | | |
|------|---|--|--|--|
| 2.13 | Er gátlisti í verklagsreglum sem kveður á um atriði sem huga þarf sérstaklega að við undirbúning ferðar? (veðurspá, ástand leiða, mat fyrri ferðalanga o.þ.h.) | | | |
| 2.14 | Er í verklagsreglum fjallað um við hvaða aðstæður skal fresta eða fella niður ferð? | | | |
| 2.15 | Eru viðmið um fjölda þátttakenda á hvern leiðsögumann í verklagsreglum? (Taka þarf mið af sérstökum aðstæðum svo sem árstíma, veðri og getu þátttakenda.) | | | |
| 2.16 | Er gátlisti í verklagsreglum um hvernig ber að upplýsa þátttakendur um ábyrga hegðun þeirra í ferðinni (hvað ber að varast, hvað er æskilegt)? | | | |
| 2.17 | Eru skýrar reglur um notkun áfengis og vímuefna í verklagsreglum og viðbrögð við ef brugðið er útaf þeim? | | | |
| 2.18 | Eru leiðbeiningar í verklagsreglum um hvernig ber að velja hest í samræmi við getu og hæfni knapa? | | | |
| 2.19 | Kemur fram í verklagsreglum við hvaða aðstæður má víkja frá þeirri grundvallar reglu að aðeins einn í senn sitji hvern hest? Er skýrt hvaða búnað eða sérstakar ráðstafanir þarf að viðhafa í slíkum undantekningum? | | | |
| 2.20 | Kemur fram í verklagsreglum hvernig meta ber getu og hæfi hesta til notkunar í ferðum (t.d. þjálfun, tamningarstig, lundarfar, ríkjandi gangtegun og aldur)? | | | |
| 2.21 | Fjalla verklagsreglur um hæfilegan fjölda aukahesta m.v. lengd ferðar, fjölda þátttakenda, hæfni hesta, leiðarval, öryggi og álag á umhverfi og aðra þætti? (Er þess ennfremur gætt að aukahestar séu ekki óþarflega margir m.t.t. umhverfis og öryggis?) | | | |
| 2.22 | Taka verklagsreglur á því hvort og þá hvernig þátttakendur taka þátt í rekstri stóðs (auka hesta) ef um það ræðir? Er tekið mið af getu og reynslu þátttakenda og öryggi þeirra í fyrirrúmi (Einungis mjög hæfir reiðmenn með góða þekkingu á viðkomandi leið ættu að vera undanfarar hóps. Æskilegt er að nokkurt bil sé á milli stóðs í rekstri og almennra þátttakenda). | | | |
| 2.23 | Kveða verklagsreglur á um hvernig á að kenna og leiðbeina þátttakendum varðandi umgengni við hesta og reiðmennsku? | | | |
| 2.24 | Kveða verklagsreglur á um hvernig á að leiðbeina þátttakendum varðandi meðferð og umgengni við reiðtygi? | | | |
| 2.25 | Er í verklagsreglurm hugað að sóttvörnum manna jafnt sem hesta? | | | |
| | Ferðin sjálf | | | |
| 2.26 | Er, ef við á, tekið á hvernig hóp er raðað, hverjir fremstir, aftastir o.s.frv. ? | | | |
| 2.27 | Er, ef við, á gert ráð fyrir fylgdarbíl og eru þá gátlistar vegna búnaðar hans? | | | |
| 2.28 | Er í verklagsreglum farið yfir hvernig þátttakendur eru upplýstir um neyðarbúnað og kennt að nota hann ef á þarf að halda? | | | |
| 2.29 | Eru leiðbeiningar í verklagsreglum um samskipti leiðsögumanna við þátttakendur og eftirlit þeirra með líðan og velferð þátttakenda? | | | |
| 2.30 | Er í verklagsreglum fjallað um hvaða leiðir eru hættulegar við ákveðnar aðstæður eða á ákveðnum árstíðum (votviðri, hálka, holklaki o.fl.)? | | | |
| 2.31 | Er í verklagsreglum fjallað um hjáleiðir/plan B og hvort og þá hvernig leiðsögumenn geta breytt leið krefjist öryggi þátttakenda þess? | | | |
| | Hæfniskröfur starfsmanna | | | |
| 2.32 | Eru kröfur um reynslu, menntun og kunnáttu leiðsögumanna skýrar í verklagsreglum? (Þar með talin færni í notkun nauðsynlegs neyðar og | | | |

| | | | | |
|----------|---|--|--|--|
| | tækjabúnaðar s.s. fjarskiptatækja, tjalda eða annarra skýla, færni í að meta veður og aðrar aðstæður o.fl.). | | | |
| 2.33 | Eru kröfur til annarra starfsmanna í ferðinni skýrar í verklagsreglum? | | | |
| 2.34 | Eru kröfur um þekkingu í fyrstu hjálp skýrar? | | | |
| 2.35 | Kemur fram í verklagsreglum hvernig þekkingu og færni starfsmanna í fyrstu hjálp er viðhaldið? | | | |
| 2.36 | Eru kröfur um hæfni leiðsögumanna til hópsstjórnar (svo sem stjórn hraða) og ákvarðanatöku á vettvangi skýrar í verklagsreglum? | | | |
| 2.37 | Kveða verklagsreglur á um hvernig leiðsögumönnum og öðrum starfsmönnum er kynnt öryggisáætlun og því fylgt eftir að unnið sé í samræmi við hana? | | | |
| 3 | Viðbragðsáætlanir | | | |
| 3.1 | Eru til viðbragðsáætlanir vegna mismunandi atvika svo sem slysa, veikinda, náttúruváfar? | | | |
| 3.2 | Eru viðbragðsáætlanir skýrar og á hentugu formi svo leiðsögumaður geti auðveldlega tekið þær með? | | | |
| 3.3 | Er skýrar línur um verkswið leiðsögumanns í viðbragðsáætlunum, ábyrgð hans og heimildir til ákvarðana og upplýsingagjafar? | | | |
| 3.4 | Eru hlutverk allra starfsmanna skýr í viðbragðsáætlunum? | | | |
| 3.5 | Er skýrt við hvaða aðstæður ber að kalla strax á aðstoð og þá afturkalla síðar ef þannig fer? Betra að kalla oft/fyrir á aðstoð og afturkalla ef úr rætist. | | | |
| 3.6 | Eru viðbragðsáætlanir miðaðar við fjarlægð í bjargir? | | | |
| 3.7 | Taka viðbragðsáætlanir mið af hvernig má koma björgun á staðinn, þyrlu, bíl, mannskap? | | | |
| 3.8 | Taka viðbragðsáætlanir á því hvernig ber að huga að velferð annarra þátttakenda ef eitthvað ber útaf? | | | |
| 4 | Atvikaskýrsla | | | |
| 4.1 | Fylgir atvikaskýrsla öryggisáætlunum? | | | |
| 4.2 | Er skýrt að ávallt beri að fylla út atvikaskýrslu ef um er að ræða atvik/slys eða næstum slys? | | | |
| | | | | |
| | Er í öryggisáætlun kveðið á um reglulega endurskoðun hennar? | | | |

*Öryggisbúnaður t.d. sjúkrabúnaður, fjarskiptabúnaður, neyðarsendir, GPS tæki, áttaviti, kort, auka taumar, gjarðir eða önnur reiðver, járningabúnaður, annar sérhæfður búnaður, tjöld og eldunartæki. Fer eftir leiðarvali.

Annað:

- Ef notuð eru farartæki til að komast að upphafsstað ferðar eða frá áningarstað hesta í náttstað (t.d. ekið) þar öryggisáætlun einnig að taka tillit til þess hluta ferðarinnar.
- Eru leiðbeiningar í verklagsreglum sem tryggja að umgengni um náttúruna og umhverfið sé í samræmi við gæðaviðmið Vakans?
- Gátlisti þessi er ekki tæmandi, æskilegt er að hafa hliðsjón af gæðaviðmiðum Vakans nr. 210 *Hestaferðir*.